

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

267. fundur

Föstudaginn 9. júní 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sverrir Óskarsson.

Guðlaug og Sverrir yfirgáfu fundinn eftir umfjöllun um lið 1 og 2.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfisbreytingar
2. Dómsmál
3. Fjárhagsáætlun 2017- viðaukar 1 og 2
4. Aukinn þjónustutími – akstur á sumrin
5. Viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli
6. Fræðslustefna
7. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfisbreytingar

Áframhaldandi umfjöllun frá fundi stjórnar 26. maí sl. um mögulegar breytingar á leiðakerfi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna heildstætt yfirlit yfir fyrirhugaðar breytingarnar í takt við umræður og leggja fram á næsta fundi stjórnar.

2. Dómsmál

Fyrir fundinum lá niðurstaða í dómsmáli Strætó bs. gegn Teiti Jónssyni ehf. (nr. 485/2016) sem kveðin var upp í Hæstarétti 2. júní 2017. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms (nr. E1055/2014) um rétt Teits Jónssonar ehf. til skaðabóta.

Forsaga málsins er að í mars 2010 var tilboði fyrirtækisins hafnaði í útboði á akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Málið var höfðað í mars 2014 og var dómur kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. mars 2016.

Anton Björn Markússon, lögmaður Strætó í málinu, mætti til fundar við stjórn og fór yfir dóm Hæstaréttar.

3. Fjárhagsáætlun 2017 – viðaukar 1 og 2

Í samræmi við umræður á síðasta fundi stjórnar þann 26. maí sl. þar var óskað eftir því að fjárhagsáætlun 2017 yrði endurskoðuð vegna breytinga á lífeyrissjóðnum BRÚ, þar sem gert er ráð fyrir að greitt verði inni sjóðinn eingreiðsla að fjárhæð 239 – 250 m.kr. núna í haust, til að jafna réttindi launþega í opinbera og einkageiranum. Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti viðauka 1 og 2 við fjárhagsáætlun 2017 sem tekur tillit til þessa og einnig annarra breytinga sem orðið hafa frá því fjárhagsáætlun var samþykkt.

Helstu breytingar á fjárhagsáætlun Strætó 2017 samkvæmt viðauka 1 og 2 varða:

- hækkun handbærs fjár í upphafi árs 2017
- breytingu á ríkisframlagi 2017
- einkiptiskostnað vegna jöfnunar lífeyrisréttinda launþega í opinbera og einkageiranum
- lækkun mótframlags í lífeyrissjóð úr 12% í 11,5% frá og með 1. júní 2017
- aukna fjárfestingu í rafrænum búnaði til að leysa af hólmi handvirkar farþegatalningar
- færslu fjárfestingar sem fyrirhuguð var í nýjum strætisvögnum frá árinu 2016 yfir á árið 2017.

Heildarniðurstaða viðauka 1 og 2 er að áætlaður rekstrarafgangur lækkar úr tæpum 42 m.kr. í rekstartap upp á ríflega 176 m.kr. og að áætlað handbært fé í árslok 2017 hækkar úr ríflega 74 m.kr. í 199 m.kr.

Stjórn samþykkir viðauka 1 og 2 við fjárhagsáætlun 2017.

4. Aukinn þjónustutími – akstur á sumrin

Umræður um sumarastur árið 2018.

Stjórn þykir rétt að kanna kostnaðaráhrif þess að akstur verði ekki minnkaður á vissum leiðum sumarið 2018 líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman minnisblað um málið, m.a. varðandi forgangsröðun leiða og áætlaðan kostnað við breytinguna.

5. Viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli

Framhald umræðu um fyrirliggandi viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli.

Stjórn samþykkir framlagða áætlun og felur framkvæmdastjóra að innleiða hana.

6. Fræðslustefna

Fyrir fundinum lá tillaga að fræðslustefnu Strætó.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu að nýrri fræðslustefnu og að hún verði gefin út og sett á heimasíðu Strætó.

7. Önnur mál

- a) Öryggismál í Strætó, umræður. Stjórn óskar eftir að framkvæmdastjóri geri úttekt öryggismálum í Strætó almennt, t.a.m. myndavélar í vögnum og viðbrögð við áreiti vögnunum.
- b) Mælaborð fyrir janúar – maí 2017, lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: 14:00

Fylgiskjöl:

- Fræðslustefna Strætó
- Mælaborð janúar – maí 2017
- Fjárhagsáætlun 2017 – viðaukar 1 og 2

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson

Bryndís Haraldsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason